

# Urriðaholt og nágrenni

Hverfið mitt



## Ný hugsun í Urriðaholti

Urriðaholt býður upp á einstök landgæði sem felast í frábæru útsýni, fagurri umgjörð og fjölbreyttum möguleikum til útivistar. Leiðarljós fyrir byggðina er aðlaðandi borgarumhverfi sem skapar umgjörð um lífsgæði og fjölbreytt mannlíf í samspili við einstaka náttúru svæðisins. Lögð er áhersla á nærgætni við landslag, vistkerfi og minjar og sterk tengsl byggðar og náttúru.

Í skipulagi svæðisins hafa ýmsar nýjar leiðir verið farnar og hefur vinnan fengið alþjóðlegar viðurkenningar fyrir áherslu á sjálfbærni, lífsgæði og umhverfismál. Hér er að finna yfirlit yfir svæðið, tækifæri í formi náttúrutengdrar útivistar og helstu áherslur í byggðinni, þannig að íbúar geti sem best notið alls þess sem svæðið hefur upp á að bjóða og staðið saman að því að standa vörð um einstakt umhverfi þess til framtíðar.

Í byggð umhverfis Urriðavatn eru ofanvatnslausnir sem stuðla að eðlilegri hringrás vatns, gæðum Urriðavatns og aðliggjandi votlendis. Sjá mynd.



## Vatnsbúskapur Urriðavatns

Urriðavatn fær vatn sitt af vatnasviði sem er rúm 2 km<sup>2</sup> og er innstreymi í vatnið að mestu úr lindum í votlendi sunnan þess. Tveir lækir falla í vatnið að sunnanverðu, Oddsmýrarlækur sem kemur upp í Oddsmýri og Djákrókalækur sem kemur upp í nokkrum lindaaugum í Djámyri. Vatn sem berst í Urriðavatn á að langmestum hluta uppruna sinn sem yfirborðsvatn sem fallið hefur á vatnasviðinu og borist þaðan um jarðlög og lindir eða á yfirborði. Afrennsli úr vatninu er að mestu um Stórárókslæk en auk þess sigur grunnvatnsstraumur frá vatninu í gegnum hraunið norðan þess.

## Sjálfbærar ofanvatnslausnir

Byggð umhverfis Urriðavatn er að hluta innan vatnasviðs þess. Byggðin hefur þau áhrif að úrkomuvatn á ekki lengur greiða leið ofan í jarðlög eða eftir yfirborði eins og áður, sem getur valdið því að vatnsbúskapur svæðisins raskist. Meðhöndlun ofanvatns í byggð á svæðinu miðast við að líkja eftir ferlum náttúrunnar þannig að mestur hluti þess vatns sem fellur á vatnasviðinu skili sér til Urriðavatns. Í Urriðaholti er í fyrsta sinn á Íslandi beitt slíkum, „sjálfbærum ofanvatnslausnum“ í heilu hverfi.

Ofanvatni af þökum, götum og bílastæðum er beint til ofanvatnsrása sem eru meðfram götum og/eða til safnlauta fyrir ofanvatn í grænum geirum þar sem vatnið sígur í jörðu og berst þaðan til Urriðavatns og votlendisins. Gróid yfirborð ofanvatnsrása og lauta þjóna einnig tilgangi við síun og niðurbrot mengunarefna úr ofanvatninu. Þegar þurrt er mynda ofanvatnsmannvirki hluta af grænu landslagi svæðisins. Yfirföll og lagnir tryggja öryggi ofanvatnskerfisins og koma í veg fyrir flóð, t.d. þegar frost er í jörðu og leysingar miklar.

## Verndum gæði Urriðavatns

Sjálfbær meðhöndlun ofanvatns gerir auknar kröfur til íbúa og þeirra sem umgangast byggðina. Óæskileg efni sem berast út í umhverfið geta borist til vatnsins og haft neikvæð áhrif á lífríki þess og vatnsgæði. Góð umgengni við vatnið og lífríkið, þar á meðal ábyrg meðhöndlun spilliefna, eru forsenda viðhalds vatnsins.

- Forðumst notkun á eitrefnum s.s. skordýra- og illgresiseitri, hreinsiefnum og öðrum mengandi efnum sem geta borist í ofanvatn.
- Lágmarkum áburðarnotkun í gördum til minnka hættu á áburðarmengun við Urriðavatn.
- Þvolum bíla á þar til gerðum þvottastöðvum til að draga úr því að mengandi efni berist af götum í ofanvatn.
- Gefum fuglum við Urriðavatn ekki brauð eða annan mat og drögum þannig úr hættu á ofauðgun og því að óæskilegir fuglar laðist að svæðinu.
- Höfum hunda ávallt í taumi og fjarlægjum eftir þá saur.
- Ferðumst ekki utan stíga á verndarsvæði Urriðavatns á varptíma fugla, frá 1.maí til 1.júlí.
- Notum ekki vélknúin farartæki; ökutæki, báta og sæketti á verndarsvæði Urriðavatns.
- Fylgjum umhverfisleiðbeiningum fyrir hönnuði og verktaka í Urriðaholti þegar framkvæmt er.



## Urriðaholt - einstakt samfélag

Skipulag Urriðaholts einkennist af nýjum áherslum. Það er unnið frá grunni með sjálfbæra þróun, fjölbreytileika og virðingu fyrir umhverfi og samfélagi að leiðarljósi. Gott aðgengi að útivistarsvæðum, gönguleiðum og hjólreiðastígum er í fyrirrúmi og umferðargötur eru hannaðar sérstaklega til að stuðla að öryggi og hóflegum umferðarhraða.

Meðal verðlauna sem skipulagið hefur fengið fyrir áherslur á sviði umhverfis- og samfélagsnálgunar eru hin alþjóðlegu lífsgæðaverðlaun LivCom, skipulagsverðlaun Boston Society of Architects auk þess sem það var valið af Nordregio sem dæmi um árangursrík skipulagsverkefni á Norðurlöndum.

### Einstök landgæði

Útsýnið er einstakt í Urriðaholti og miðar allt skipulag að því að skapa skjólsæla og sólríka byggð í nágrenni undraheims hrauns og vatns. Hverfið liggur aflíðandi í halla gegnt suðri með sérlega fallegu útsýni yfir Urriðavatn. Fólk býr í skjóli fyrir ríkjandi vindátt og nýtur jafnframt sólarinnar.

### Útivist er daglegt líf

Urriðaholt er frá náttúrunnar hendi miðdepill útivistarparadísar. Vandaðir göngu- og hjólastígar tengja byggðina vatnsbakka Urriðavatns, hrauninu og Heiðmörk. Náttúrustemningin teygir sig inn í hverfið og skapar einstök leik- og útivistarsvæði.

### Í sátt við umhverfið

Umhverfismál eru stór þáttur í öllu skipulagi hverfisins í Urriðaholti. Mikil áhersla er lögð á að lífríki og hringrás Urriðavatns haldi sér. Vönduð götulyásing dregur úr ljósmengun og stuðlað að vistvænni hönnun bygginga með skipulagi og leiðbeiningum fyrir hönnuði. Sérstök áhersla er lögð á umhverfisfræðslu og tengsl íbúa við nærumhverfið.

### Skólar miðsvæðis

Í hönnun og skipulagi Urriðaholts er barnið í sérstöku háseti. Glæsileg skólabygging, miðsvæðis, byggist upp með hverfinu og er mikið lagt upp úr því að tryggja greiða og örugga aðkomu barna að skólanum.

### Stutt í alla þjónustu

Urriðaholt er hannað með þarfir nútímamanneskjunnar í huga. Hér verður fjölbreytt samfélag með stutt í alla þjónustu, s.s. matvöru, IKEA o.fl. Auk þess eru skrifstofur, verslanir og menningartengd starfsemi hluti af Urriðaholti.

### Betra jarðsamband

Með svokölluðu 5-víra dreifikrefi rafmagns í Urriðaholti næst betra jarðsamband sem dregur úr ójöfnu flæði rafmagns. Með því minnkar rafmengun í umhverfinu sem hefur áhrif á heilsufar og líðan fólks í hverfinu.

### Glæsilegur golfvöllur

Hluti af lífsgæðum í Urriðaholti er að einn besti golfvöllur landsins, Urriðavöllur, er í næsta nágrenni við hverfið.

### Fljót að heiman og heim

Í Urriðaholti eru fyrsta flokks samgöngur, greið aðkoma er um mismög gatnamót við Reykjanesbraut sem tryggir að við erum fljót að heiman og heim.



# URRIÐAHOLT OG NÁGRENNI

## ÁHUGAVERÐIR STAÐIR



## Áhugaverðir staðir

Fjöldi áhugaverðra staða eru í nágrenni Urriðaholts, sem gaman er að staldra við þegar gengið er um svæðið.

- 1 Hrauntangi við Urriðavatn.
- 2 Hvammur – samkomustaður.
- 3 Táknaþréd – listaverk á háholtinu.
- 4 Stóraravða.
- 5 Staðsetning herbúða í seinni heimsstyrjöld.
- 6 Dýjakrókahóll, þar sem talið var að byggi huldufólk.
- 7 Steinn með áletrun frá 1846.
- 8 Fitin – álagablettur sem sagan segir að ekki megi slá.
- 9 Maríuhellar.
- 10 Golfklúbburinn Oddur.

## Fræðsluskilti

Á fræðsluskiltum sem staðsett eru á svæðinu er að finna ýmsar upplýsingar um náttúru svæðisins og sögu.

- 11 Verndarsvæði Urriðavatns, yfirlitsskilti við Kaupþún.
- 12 Bæjarstæði Urriðakots, menningarminjar í Urriðaholti.
- 13 Lífríki Urriðavatns; vatnalíf og fuglar.
- 14 Votlendi og gróður við Urriðavatn.

## Gönguleiðir

Vandað net gönguleiða í og umhverfis Urriðaholt gerir svæðið einkar aðlaðandi til útivistar, eins og eftirfarandi leiðir eru dæmi um.

- Upphafsstaður
- ▶ Hringleið um Urriðavatn (~2,5 km)
- ▶ Hvammur - Háholtið - Dýjamýri (~2,0 km)
- ▶ Urriðavatn - Maríuhellar (~2,0 km)
- ▶ Urriðavatn - Vífilsstaðahlíð (~3,5 km)
- ▶ Urriðavatn - Búrfell (~7,0 km)

- Byggð í Urriðaholti
- Gönguleiðir
- Götur
- Votlendi
- Mörk verndarsvæðis

Kaupþún  
Verslun og þjónusta fyrir íbúa.

Reykjanesbraut

Stórakrókslækur

Setbergsholt

Dýjamýri

Urriðavatn

Urriðavöllur

Hádegisholt

Skógræktar og  
útivistarsvæði

Urriðakotshraun

Svínahraun

Urriðaholtstæti

## Búrfellshraun og Urriðavatn

Búrfellshraun varð til við eldgos í Búrfelli fyrir um 8000 árum. Þá rann hraunið í tveimur meginstraumum frá Búrfelli til norðvesturs og endaði í sjó í Hafnarfirði og Skerjafirði í Gálgahrauni. Búrfellsgjá og Selgjá eru dæmi um áhugaverðar jarðmyndanir sem urðu til þegar hraunið rann. Hraunið er um 18 km<sup>2</sup> að flatarmáli sem telst miðlungsstórt og meðalþykkt hraunsins hefur verið áætluð um 16 m. Hraunið hefur mörg örnefni, en jarðfræðiheiti þess er Búrfellshraun.

Búrfellshraun varð þess valdandi að vatnafar á svæðinu gerbreyttist. Hraunið kaffærði og fyllti farvegi lækja á svæðinu. Hrauntota sem tók sig úr aðalhraunstraumnum og rann inn í dalinn milli Urriðaholts og Setbergs varð þess valdandi að farvegur lækjar sem þar rann stíflaðist og Urriðavatn myndaðist. Fljótlega eftir gosið hefur Stórákrókslækur orðið til þar sem vatn hefur aftur farið að renna frá hinu nýmyndaða Urriðavatni meðfram hraunjaðrinum.

Urriðavatn er grunnt vatn, um 13 ha að flatarmáli og staðsett í 29–30 m hæð yfir sjó. Fjölbreytt gróður- og dýralíf er í vatninu og á nærliggjandi svæðum og er lögd mikil áhersla á að viðhalda gæðum þess og stuðla að góðu aðgengi að svæðinu til útivistar. Urriðavatn ásamt aðliggjandi hraunjaðri og votlendi eru á náttúru-minjaskrá auk þess sem svæðið nýtur hverfisverndar samkvæmt Aðalskipulagi Garðabæjar. Unnið er að friðlýsingu Urriðavatns sem fólkvangs ásamt Búrfellshrauni frá eldstöðinni Búrfelli alla leið til strandar í Gálgahrauni.


## Fjölbreytt lífríki

Urriðavatn er sérlega gróskumikið og lífríkt vatn með mikinn einstaklings- og tegundafjölda á íslenskan mælikvarða. Gróðurþekja á setbotninum er mjög mikil og er síkjamarí (Myriophyllum alterniflorum) nær allsráðandi háplöntutegund. Botndýr sem lifa á mjúkum setbotninum einkenna dýralífið. Einu fisktegundirnar í vatninu eru hornsíli og urriði.

Fjölbreytt gróðurfar er umhverfis Urriðavatn. Á svæðinu við vatnið hafa verið skráðar ríflega 130 villtar háplöntutegundir. Margar tegundir eiga búsvæði í votlendinu sem er aðallega sunnan og norðan vatnsins en auk þess er fjölbreyttur gróður í mólendi og graslendi, einkum á hrauntanganum norðan vatnsins. Votlendið sem liggur að Urriðavatni sunnanverðu nefnist Djújamýri og er þar hægt að skoða á litlu svæði fjöldann allan af votlendistegundum. Sjá nánar á [gardabaer.is](http://gardabaer.is). Gróskumikið lífríki Urriðavatns gerir að verkum að vatnið ásamt nærliggjandi votlendi og hrauntanga eru ákjósanleg búsvæði fugla. Yfir 20 tegundir fugla hafa haft reglulega búsetu við vatnið og nágrenni þess eða sést þar öðru hvoru, þar á meðal ýmsar tegundir anda og votlendisfugla. Flestir þessara fugla hafa lífsviðurværi af næringarríku vatninu, ásamt votlendinu í kring.

## Rannsóknir og vöktun á Urriðavatni

Fyrir liggja fjölbreyttar rannsóknir á Urriðavatni og lífríki þess; vatnafari, vatnsgæðum, lífríki vatnsins og fiskistofnum, fuglum og gróðurfari og má lesa um rannsóknirnar á vefsíðum Garðabæjar og Urriðaholts. Rannsóknirnar gefa mikilvægt yfirlit um grunnástand vatnsins, þannig að hægt sé að fylgjast með mögulegum breytingum á því. Garðabær sér um vöktun vatnsins í samræmi við vöktunar-áætlun, svo tryggt sé að markmið um viðhald þess og lífríkisins séu uppfyllt.



## Saga og minjar

Ritaðar heimildir segja frá búsetu í Urriðakoti, í vestanverðu Urriðaholti frá upphafi 16. aldar en mannvistarleifar allt frá 11. öld hafa komið í ljós við fornleifakönnun. Einnig hafa fundist merki um búsetu frá 13. og 14. öld sem bendir til að landið hafi verið nytjað því sem næst samfelld frá því skömmu eftir landnámi. Fornminjarnar eru huldar mold og sjást ekki á yfirborði, en sjá má leifar af síðasta bænum í Urriðakoti sem fór í eyði árið 1958. Landið komst í einkaeigu í lok 19. aldar en áður var jörðin í eigu konungs og síðar ríkiseign.

Óviða var búmannlegra á svæðinu en í Urriðakoti. Skráð er að árið 1932 hafi þar verið um 140 sauðkindur, 5 kýr og 2 hross. Þegar mest var voru einnig um 20 sauðir. Sauðir gengu sjálfala og gátu haft afdrep í hellum og skútum en á vetrum voru lömb og ær í fjárhúsi heima við tún. Ær voru einnig hafðar við beitarhús fram eftir vetri í hraunjaðrinum, nærri þar sem nú er golfvöllurinn Urriðavöllur.

Árið 1946 eignaðist félag Oddfellowbræðra jörðina og voru uppi hugmyndir um að reisa þar sumarbústaði og sumardvalarheimili fyrir börn og hvíldarheimili fyrir aldraða Oddfellowa. Þessar hugmyndir komust þó aldrei til framkvæmda og skömmu eftir að Styrktar- og Líknarsjóður Oddfellowa var stofnaður árið 1956 ánafnaði félagið sjóðnum jörðinni án endurgjalds.

Í skipulagi Urriðaholts hefur verið reynt að taka mið af sögu svæðisins og minjum. Auk þess byggjast götuheiti í Urriðaholti á örnefnum, kennileitum og náttúrufrýrbærum sem koma fyrir í holtinu og næsta nágrenni þess.

# Örnefni við Urriðavatn



**Bæjarstæði Urriðakots** er við rætur Urriðaholts ofan Urriðavatns. Þar má sjá leifar af bænum sem fór í eyði árið 1958 en mannvistarleifar sem fundist hafa benda til búsetu á landinu næst samfellt frá því skömmu eftir landnám.



**Stór áletraður steinn** er suður frá Urriðakotsbænum. Jón Þorvarðarson bóndi í Urriðakoti hjó áletrunina J TH 1846 í steininn, árið sem hann flutti að Urriðakoti.



**Urriðavatn** er hraunstíflað vatn sem myndaðist fyrir um 8000 árum. Vatnið og nágrenni þess njóta verndar og bjóða upp á fjölmarga möguleika til útivistar og náttúrufræðslu.



**Stórvardá** er á háholti Urriðaholts. Hana hlóð upphaflega Jón Þorvarðarson ábúandi í Urriðakoti ásamt Dagmálavörðu sem er neðar í hlíðinni.



**Táknatréd** er fyrsta mannvirkið í Urriðaholti og stendur á Háholtinu. Listaverkið er samstarfsverkefni Gabríelu Friðriksdóttur og frönsku listamannanna Mathias Augustyniak og Michael Amzalag, einu nafni M/M.




**Mariuhellar** eru tveir hellar við norður enda Vífilsstaðahlíðar. Þetta eru gamlir fjárhellar frá Vífilsstöðum og Urriðakoti. Hellarnir eru vel manngengir.



**Nýtt hús Náttúrufræðistofnunar** mun standa við Jónasartorg, vestast á Urriðaholti. Torgið heitir eftir Jónasi Hallgrímssyni, sem oft er kallaður fyrsti íslenski náttúrufræðingurinn. Vistvænar áherslur voru hafðar að leiðarljósi við hönnun hússins.



**Búrfellsgjá** er um 3,5 km löng hrauntröð sem liggur frá Búrfelli. Um 7 km falleg gönguleið er frá Urriðaholti, um Urriðakotshraun, Selgjá og Búrfellsgjá að Búrfelli. Fjöldi áhugaverðra staða er á leiðinni, s.s. Gjárarétt og vatnsból réttarinnar, Vatnsgjá.



Mynd: Árni Tryggvason